



Umhverfis- og skipulagssvið  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### **USK – Vogabyggð svæði 3 - deiliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. maí 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. maí 2023 að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði 3 í Vogabyggð, ásamt fylgigögnum.

Borgarráð samþykkti erindið.  
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Allmargar athugasemdir komu frá fólki vegna deiliskipulags Vogabyggðar og flestar lutu að bílastæðum sem verður nánast útrýmt á svæðinu. Kvartað er yfir samráðsleysi, að ekki sé hlustað og kynningar séu ófullnægjandi. Í einni athugasemd er því mótmælt að verið sé að fjarlægja bílastæði sem tilheyra lóðarhöfum. Ýmist er verið að banna stæði eða fækka þeim verulega. Einnig er verið að breikka stétt svo bílar komast ekki með aðföng að húsum. Þetta mun takmarka margs konar starfsemi. Þetta er jú atvinnusvæði hverfisins eins og segir í gögnum skv. deiliskipulagshugmyndunum. Fulltrúi Flokks fólksins telur þetta ekki ganga. Hér er um að ræða hverfi sem gæti hafa orðið skemmtilegt með blöndu af íbúðabyggð og atvinnustarfsemi ef ekki hefði verið þétt svona mikið. Öfgar í þéttingu byggðar og bann við bílum er með öllu óraunhæft. Viðskiptavinir munu ekki sækja þjónustu á svæðið ef þeim er meinaður aðgangur á bíl. Þetta er galli að mati Flokks fólksins og munu margir þeir sem glíma við einhverja hreyfiskerðingu ekki geta búið þarna. Hvernig á fólk að komast frá stæði og að útidyrum sínum? Mörg þessara nýju hverfa eru aðeins fyrir ákveðna hópa samfélagsins, þ.e. þá sem geta lifað bíllausum lífsstíl.

Helga Björk Laxdal  
e.u.